

Fundargerð 81. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
Dagsetning: fimmtudagur 20. júní 2019 klukkan 11:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar lesin og lögð fram til samþykktar.


Fundargerð samþykkt samhljóða. Það er vilji skólanefndar til þess að funda örar og setja niður plan fyrir næsta skólaárs. Næsti fundur er fyrirhugaður miðvikudaginn 18. september klukkan 16:30. Jafnframt er stefnt að tveimur fundum fyrir áramót og þremur eftir áramót. Þar næsti fundur um miðjan nóvember.

2. Nemendatölur

Nemendaígildi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga eru 147 árið 2019 samkvæmt fjárlögum.

Nemendur á vorönn 2019 við Fjölbrautaskóla Snæfellinga voru 187. Í dagskóla voru 132 nemendur, á starfsbraut voru 10, á félags- og hugvísindabraut voru 71, á náttúru- og raunvísindabraut voru 29, á opinni braut voru 13, á framhaldsskólabraut 1 voru 3 og á framhaldsskólabraut 2 voru 6 nemendur.

Fjarnámsnemendur voru 41, utanskólanemendur 7, grunnskólanemendur 6 og skiptinemi 1.



Í dag, 20. júní eru skráðir til náms 178 nemendur á haustönn 2019 sem skipta sér á brautir með eftirfarandi hætti:

| Braut | Samtals |
|------------------------------|----------------|
| Starfsbraut | 8 |
| Félags- og hugvísindabraut | 60 |
| Náttúru- og raunvísindabraut | 35 |
| Opin braut | 38 |
| Framhaldsskólabraut 1 | 10 |

Nýnemar 48, í námi 94, fjarnemendur 35 og 1 grunnskólanemi. Þessir 48 nýnemar eru um 65% nemendafjölda úr 10. bekk á upptökusvæði skólans. Upptökusvæði skólans er Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær, Patreksfjörður, Tálknafjörður og Bíldudalur.


Á haustönn verður hægt að taka ípróttalínu og hagfræðilínu og hefur það strax vakið áhuga einhverra nýnema

3. Útskrift vorið 2019.

Alls útskrifuðust 26 nemendur frá skólanum vorið 2019, þar af luku 15 nemendur stúdentsprófi af félags- og hugvísindabraut, fimm nemendur luku stúdentsprófi af náttúru- og raunvísindabraut, fimm nemendur luku stúdentsprófi af opinni braut og einn nemandi lauk námi á starfsbraut. Jakob Þorsteinsson á starfsbraut flutti lag við útskriftarhátíð vorönn 2019. Þess má geta að Jakob lenti í þriðja sæti í hæfileikakeppni starfsbrauta á vordögum. Fimm ára stúdent og fyrrverandi forseti NFSN, Guðmundur Jensson flutti ræðu fyrrverandi nemenda við FSN. Loftur Árni flutti ræðu fyrir hönd starfsfólks og starfsmenn mötuneytis voru kvaddir.

4. Starfsmannamál

Solveig og Birta munu snúa aftur til starfa eftir fæðingarorlof og Rúna og María Kúld fara í fæðingarorlof. Kristín Lilja og Hafsteinn voru í hlutastarfi og í fæðingarorlofi.



Það er búið að ráða Gísla Pálsson, íþróttakennara. Einhverjar umsóknir frá kennurum í aðrar stöður hafa borist. Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 24. júní 2019.

5. Mötuneyti

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið að sér rekstur mötuneytis. Einhverjar breytingar þar af lútandi eru því í farvatninu.

6. Rútuakstur

Það er samningur við Hópferðabíla Svans Kristóferssonar og mikil ánægja með. Á haustönn 2018 voru 63 nemendur í daglegum skólaakstri og á vorönn 2019 voru 49. Fækkunin skýrist ekki af útskriftarefnum. Það er áhyggjuefni að ekki fleiri noti rútna með tilliti til umhverfisins og umferðaröryggis.

7. Lokaverkefnisvika í maí

Það eru mikil ánægja með vel heppnaða verkefnadaga að baki. Nemendur mættu mjög vel og skoðuðu. Nemandi á starfbraut hannaði auglýsingu fyrir lokaverkefnisdaga og á hrós skilið.

8. Vinnudagar kennara í maí

Starfsmenn FSN fóru með rútu til Reykjavíkur. Þar var byrjað á því að heimsækja Jón Eggert og félagi í MK þar sem starfsmenn fengu fræðslu um gagnvirkar töflur. Hádegisverður snæddur í MK og skólinn skoðaður. Kennarar ræddu saman í hópum á vinnudögum hvernig önnin tókst til. Ýmsar góðar ábendingar frá kennurum. Verkefnatímar verða á næsta skólaári í stóra salnum. Umsjónartímar verða jafnvel auknir á næstu önn fyrir nemendur undir 18 ára. Allir á því að lokaverkefnisdagar eiga að vera.



9. Húsfundur 19. mars 2019.

Skólameistari FSN, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir sagði frá niðurstöðum húsfundar. Það var ákveðið að rýmka skilafrest frá klukkan 18:00 til klukkan 23:59 á föstudögum. Fjarfundabúnaður verður færður í lokað rými að nýju vegna hávaða. Nemendur vilja alls ekki að verkefnatímum verði fækkað. Nemendur eru frekar ánægð með lokaverkefnisdaga.

10. Önnur mál

- Fyrirspurn frá formanni skólanefndar um kór við FSN? Jafnvel mætti hafa söngstund.
- Mikill eftirsjá í stórsveit FSN. Það er vilji meðal skólastjórnenda en stórsveitin hætti á sínum tíma því það voru hvorki nemendur né kennari.
- Stefnumótun
- 15 ára afmæli FSN í haust.
- FSN er að innleiða skjalastjórnunarkerfi.
- FSN er að vinna að persónuvernd.
- FSN er að vinna að jafnlaunavottun.

Fundið slitið klukkan 13:32.